

Surtseyjarfélagið

Garðabær, 8. júlí 2026

202607-0005/P.V.B.

10.03.01

Efni: Leyfi til framkvæmda - Stækkun þýrlupalls í Surtsey

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Surtseyjarfélagsins, dagsett 2. júlí 2026, um leyfi fyrir stækkun þýrlupalls í Surtsey.

Surtsey er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 50/2006](#), með breytingum sbr. [auglýsing nr. 468/2011](#). Óheimilt er að fara í land í Surtsey eða kafa innan friðlandsins nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar. Heimilar eru ferðir í Surtsey vegna viðhalds á Pálsbæ eða annarra sértækra framkvæmda í friðlandinu að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Mannvirkjagerð, jarðrask, efnistaka og aðrar breytingar á landi og hafsbotni innan friðlandsins eru óheimilar nema til komi leyfi Náttúruverndarstofnunar og sveitarstjórnar Vestmannaeyjabæjar að fenginni umsögn Surtseyjarfélagsins. Heimilt er að halda við mannvirkjum, svo sem skála Surtseyjarfélagsins (Pálsbæ) og lendingaraðstöðu fyrir þýrlu í eyinni eins og verið hefur og lýst er í verndaráætlun.

Lýsing verkefnis:

Landhelgisgæslan hefur komið þeirri skoðun á framfæri að núverandi þýrlupallur í Surtsey, sem er 6x6 m (36 m²), sé of lítill til öruggrar lendingar fyrir þýrlur gæslunnar. Sérfræðingar Landhelgisgæslunnar hafa lýst því yfir að stækkun pallsins í 10 x 10 m (100 m²) á núverandi stað dugi þeim. Við stækkunina verða 32 stykki af Weland heitgalvanseruðum ristum lagðar á burðargrind úr gagnvörðu timbri og stáli umhverfis núverandi þýrlupall sem er staðsettur í næsta nágrenni við Pálsbæ, skála Surtseyjarfélagsins. Þýrla Landhelgisgæslunnar yrði nýtt til að flytja efni til Surtseyjar. Létt tæki og búnaður verða nýtt í verkið, t.d. léttar borvélar, rafstöð og loftpressa auk annarra handverkfæra. Gróður og jarðvegur við jaðra þýrlupallsins verða fjarlægður áður en verkefnið hæfist og nýttur aftur við frágang. Hægt yrði að fjarlægja stækkunina án mikils rask ef notkun pallsins yrði hætt. Efnisafgangar og annað sem ekki nýtist í verkið verða fjarlægð úr eyinni. Að verkefninu myndu koma 4 starfsmenn og tæki framkvæmdinn allt að 6 daga í ágúst/september 2026 verði efniviður í pallinn komin til landsins.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Verkefnið mun tryggja öryggi leiðangursmanna og áhafnar þýrlu Landhelgisgæslunnar við lendingar í eyjunni. Framkvæmdin mun hafa tímabundin áhrif á lífríki

og einnig óverulegt rask á jarðminjum en sé farið að skilyrðum leyfisins metur stofnuninn að hægt sé að draga verulega úr þeim.

Niðurstaða og skilyrði:

Náttúruverndarstofnun veitir Surtseyjarfélagið fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Surtseyjarfriðlandsins sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. ágúst til 30. september 2026 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Virða skal þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað, farangur og efnivið í framkvæmdina áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám og þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangursstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.
- Ef í ljós kemur að hreinsun fatnaðar og/eða búnaðar er ábótavant getur eftirlitsmaður farið fram á að búnaður sé skilinn eftir, frestað för þar til úrbætur hafa farið fram eða farið fram á að fararleyfi viðkomandi sé afturkallað.
- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Halda skal umferð um mávabyggðir í lágmarki. Sérstaklega skal gæta þess að styggja ekki ófleyga ungfugla. Einnig skal gæta þess að styggja ekki þá seli sem mögulega kunna að dvelja í fjörum á norðanverðri eyinni.
- Dragist framkvæmdartíminn fram að þeim tíma sem útselur byrjar að kæpa á tanganum er óheimilt að fara um tangann nema brýna nauðsyn beri til.
- Frestist framkvæmd fram á næsta ár en efnið flutt til eyjarinnar í ár skal ganga tryggilega frá því svo það fjúki ekki.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekin til baka sem og allur sá úrgangur sem til fellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrirmælum starfsmanns friðlandsins.
- Forðast skal óparfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Mannvirkið skal falla vel að landi.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast.

- Gæta skal að mengunarvörnum tækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands eða ef skilyrðum leyfisins er ekki fylgt.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Surtsey er innan þjóðlendu og gæti leyfi forsætisráðuneytisins þurft fyrir framkvæmdunum skv. lögum nr. 58/1998 um þjóðlendur.

Starfsmaður Náttúruverndarstofnunar, Ragnheiður Björk Sigurðardóttir, svæðissérfræðingur á Suðurlandi, verður með í för.

Þegar nánari dagsetning liggur fyrir og hverjir munu koma að framkvæmdinni í eyjunni þá þarf send nafnalista til Náttúruverndarstofnunar með að minnsta kosti viku fyrirvara.

Leiðbeiningar um hreinsun fatnaðar og búnaðar er að finna í fylgiskjali með bréfi þessu.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með verkefninu. Eftirlitið verður framkvæmt af starfsmanni stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Davíð Örvar Hansson

teymisstjóri

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

sérfræðingur